



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**36. fundur eigendafundar Strætó bs.  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 23. maí 2022  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhannes Rúnarsson, Rúnar Bragi Guðlaugsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ásgeir Sveinsson, Helga Ingólfssdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Karen Elísabet Halldórsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

**1. Fjármál Strætó bs. - 2203009**

Hjálmar Sveinsson formaður stjórnar Strætó bs. kynnir stöðu fjármála Strætó bs. Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2022 en ljóst sé að minni tekjur og aukinn rekstrarkostnaður vegna utanaðkomandi þátta muni hafa umtalsverð áhrif á afkomu ársins. Því sé þörf á frekara fjárframlagi eigenda þrátt fyrir þá hagræðingu í rekstri sem ráðist hefur verið í.

Ljóst er þó að fjöldi notanda Strætó er á uppleið aftur eftir þau áhrif sem urðu vegna Covid-19 og er í dag um 90% af farþegagrunninum 2019.

**Niðurstaða:**

*Eigendavettvangur leggur til að fallist verði á frekara fjárframlag eigenda til Strætó bs., skv. fyrirliggjandi gögnum, enda um skýra fjárþörf að ræða vegna lægri tekna og hækkandi rekstrarkostnaðar umfram forsendur fjárhagsáætlana. Framangreind tillaga verði, af hálfu Strætó bs., kynnt aðildarsveitarfélögum sem fyrst með minnisblaði, fyrirliggjandi gögnum og kynningu í sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna.*

*Í ljósi lausafjárstöðu Strætó bs., og meðan beðið er niðurstöðu samkvæmt framangreindu, er framkvæmdastjóra Strætó bs., í samstarfi við fjármálasvið sveitarfélaganna, falið að brúa bilið með því að greiðslum rekstrarframlaga sveitarfélaganna vegna næstu mánaða verði flýtt, enda rúmist þau innan samþykktra fjárhagsáætlana ársins.*

**2. Dómsmál - útboð 2009 - 2205011**

Framkvæmdastjóri Strætó bs. fer yfir niðurstöðu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

máli nr. E-888/2019, en ákveðið hefur verið af hálfu stjórnar Strætó bs. að áfrýja málinu til Landsréttar.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**3. Rekstur almenningsgangna - 2205012**

Formaður stjórnar SSH og framkvæmdastjóri SSH kynna. Samningaviðræður samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga, dags. 26. september 2019, um endurskoðun samkomulags um tilraunaverkefni um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, sem gerður var samhliða samgöngusáttmála, standa nú yfir. Á sama tíma er undirbúningur að hönnun Borgarlínunnar í fullum gangi og líður að verkhönnun. Mikilvægt er að Strætó bs., á grundvelli sérfræðipækkingar sinnar, komi að þeim fasa og sé veitt heimild til þess að vinna með verkefnastofu Borgarlínu í þeim tilgangi að fara yfir og taka ákvarðanir í hönnunarfasanum m.a. með hagkvæmni og skilvirkni kerfisins að leiðarljósi.

Jafnframt þurfi Strætó bs. sjá til þess að upplýsingastreymi til stjórnar Strætó bs. og eigendavettvangs sé tryggt og stærri ákvörðunum og vafamálum vegna framangreindra þátta skal vísað til stjórnar Strætó bs.

**Niðurstaða:**

*Strætó bs. er veitt umboð til að vinna með verkefnastofu Borgarlínu í þeim tilgangi að fara yfir og taka ákvarðanir í hönnunarfasanum m.a. með hagkvæmni og skilvirkni kerfisins að leiðarljósi. Jafnframt verði vafamál og stærri ákvarðanir tekin til umræðu innan stjórnar Strætó bs.*

*Þá er SSH falið í tengslum við verkefni um stjórnýslu byggðasamlaganna að undirbúa tillögur að rekstrarfyrirkomulagi vegna nýs leiðanets þ.m.t. Borgarlínu, t.a.m. með stofnun félags sem halda muni utan um reksturinn.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.**